

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025.

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Umhverfis- og samgöngunefnd hefur, að beiðni allsherjar- og menntamálanefndar frá 26. október 2023, fjallað um 234. mál, tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, sbr. 3. mgr. 23. gr. starfsreglna fastanefnda Alþingis.

Nefndin afmarkaði umfjöllun sína við þann hluta tillögunnar sem snýr að málefnasviði nefndarinnar, þ.e. meginmarkmið og aðgerðir vegna fjarskipta, upplýsingatækni og netöryggis.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund gesti frá Fjarskiptastofu og Byggðastofnun.

Nefndin telur mikilvægt að tillagan nái fram að ganga en leggur áherslu á að eftirfarandi atriði verði skoðuð sérstaklega.

Háhraðanet og fjarskiptasamband.

Við umfjöllun málsins í nefndinni kom fram að farsímasamband á vegum landsins væri oft og tíðum gloppótt og ætti það einnig við um hringveginn þar sem enn væri að finna svæði sem væru utan símasambands. Þá væru enn staðir á landsbyggðinni sem byggju við bæði skert farsíma- og netsamband allt árið um kring.

Nefndin undirstrikar mikilvægi stöðugs net- og farsímabands, hvort sem er í þéttbýli, dreifbýli, við vegi landsins eða á afskekktum svæðum utan búsetukjarna. Öflugt og stöðugt net- og farsímasamband er ekki eingöngu stórt byggðamál, sem ýtir undir búsetufrelsi íbúa á landsbyggðinni, heldur einnig mikilvægt öryggismál fyrir íbúa landsbyggðarinnar og þann mikla fjölda fólks sem ferðast um landið ár hvert. Telur nefndin mikilvægt að vinnu verði fram haldið og hraðað við að útrýma þeim svæðum þar sem net- og farsímasambandi er ábótavant.

Nefndin fjallaði einnig um áreiðanlega og áfallnaþolna fjarskiptaþjónustu fyrir heimili og fyrirtæki. Í umsögn Fjarskiptastofu kemur fram sú skoðun stofnunarinnar að til bóta væri að bæta við tillöguna markmiðum um öryggi og áfallaþol almennra fjarskiptaneta, enda sé mikilvægt að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja stöðuga virkni neta. Leggja þurfi mat á öryggi og áfallaþol þeirra neta sem starfrækt séu í landinu. Áfallaþolið og áreiðanlegt netsamband sé lykilatriði þegar kemur að styrkingu byggðar í landinu og þeim tækifærum sem felist í störfum án staðsetningar og auknu aðgengi að fjarnámi, auk þess sem helstu innviðir treysti í auknum mæli á stöðugar tengingar við miðlæg kerfi.

Nefndin beinir því til allsherjar- og menntamálanefndar að taka ábendingar og áherslur Fjarskiptastofu til sérstakrar athugunar við áframhaldandi vinnslu málsins.

Netöryggi.

Í kafla 4.3.6 í tillögunni er fjallað um getu til viðbragða við netöryggisógnum og -atvikum. Kemur þar m.a. fram að geta netöryggisveitar Fjarskiptastofu og ríkislögreglustjóra til ástandsgreiningar og viðbragða við netöryggisógnum og -atvikum sem ógna samfélaginu verði bætt enn frekar.

Þróun netöryggis hér á landi er mikilvægt þjóðaröryggismál og leggur nefndin sérstaka áherslu á að aðgerðin nái fram að ganga. Taka þarf markviss skref til eflingar netöryggisveitar CERT-IS svo að unnt verði að auka netöryggi enn frekar á komandi árum og tryggja tengingar almennings og helstu innviða landsins.

Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt að viðbættum þeim áherslum sem að framan greinir.

Andrés Ingi Jónsson ritar undir umsögnina með fyrirvara um að aðgerðir í þágu netöryggis verði að byggja á ítarlegum greiningum og að meðalhófs verði að gæta í útfærslu þeirra, en undanfarin misseri hafi borið á fullríkri tilhneigingu hjá stjórnvöldum að grípa af of miklum krafti inn í fjarskiptamál undir yfirskini öryggis.

Alþingi, 11. desember 2023.

Bjarni Jónsson,
form.

Þorbjörg Sigríður
Gunnlaugsdóttir.

Vilhjálmur Árnason.

Andrés Ingi Jónsson.

Halla Signý Kristjánsdóttir.

Ingibjörg Isaksen.

Njáll Trausti Friðbertsson.

Orri Páll Jóhannsson.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.